

Umsögn

Um þingsályktunartillögu um grænan samfélagssáttmála

Samantekt

Erindi þetta er umsögn vegna 31. máls 150. löggjafarþings, Grænn samfélagssáttmáli. Á heildina litið eru undirrituð hæst ánægð með málið og að það sé komið til þingsályktunar. Rammi sáttmálans er framúrskarandi, og að halda þjóðfund um málið teljum við þarft. Við undirstrikum að eftirfarandi gagnrýni er lögð fram af engu öðru en velvild.

Breytingartillaga

Breytingin sem undirrituð leggja til snertir allra helst á tímaramma ályktuninnar. En við teljum að hægt sé að ganga frá sáttmálanum mun hraðar en á tveimur árum, án þess að brugðið sé frá faglegum gæðum hans. Þetta er einstaklega brýn framkvæmd, einkum í ljósi þess að viðmiðunarlinur þingsályktuninnar miða við 2030 sem ár kolefnishlutleysis Íslands. Þannig skiptir hver einasti mánuður máli.

Einnig setjum við spurningarmerki við umrædda forystu framtíðarnefndar að málinu. Við viljum frekar sjá eflða samvinnu milli ríkis og félagasamtaka sem hafa síðustu ár unnið eirðarlaust í málaflokknum. Sömuleiðis búa félagasamtök landsins yfir ríkri reynslu á þver-faglegu samstarfi, skipulagningu viðburða og herferða til vitundarvakningar almennings. Allt þættir sem munu reynast lykill að framkvæmt samfélagssáttmála, því eins og titillinn greinir til um, snertir hann á öllum okkar sem búa í samfélaginu.

Með því að þróa og vinna samfélagssáttmálann með eins mikillar aðkomu þjóðar og grasrótar er ekki eingöngu líklegra að komst verði að rétttri niðurstöðu, heldur er líka hægt að auka líkurnar á því að sáttmálinn verði raunverulega tekinn í sátt af þjóðinni þegar hann gengur til laga.

Bæði undirrituð hafa starfað mikið innan þriðja geirans, og óska eftir að vera kölluð fyrir nefnd til þess að veita nánari umsögn um málið.